

fram með sömu ástæður í tilfelli því, sem hér er um rædt, og þær, sem hæstaréttardómurinn er byggður á.

1865.

4. janúar.

Eftir að stjórnarráðinu nú hafa borizt skjöl þau, er snerta málefni þetta, með bréfi yðar dagsettu 3. septembermán. þ. á., skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörðið það sýslumanni þeim, sem hlut á að máli, að dómsmálastjórnin fellst á álit það, sem þér hafið látið í ljósi um málefni þetta.

4. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til fjárstjórnarinnar, um styrk til forngripasafns á Íslandi.

4. janúar.

Útaf bænarskrá, sem hingað hafði borizt, frá tveim mönnum í Reykjavík, Jóni stúdent Árnasyni, skrifara hjá biskupinum á Íslandi, og Sigurði málara Guðmundssyni, um að þeim væri veittur 300 ríkisdala styrkur á ári til þess að stofna forngripasafn á Íslandi, bað kirkju- og kennslustjórnin í bréfi dagsettu 13. janúarmán. f. á.¹ um álit fjárstjórnarinnar um það, hvort nokkuð væri því til fyrirstöðu frá hálfu hins heiðraða stjórnarráðs, að kirkju- og kennslustjórnin færi þess á leit við ríkisdaginn, að veittur væri styrkur sá, sem um var sókt, og, með því að fjárstjórnin í bréfi dags. 20. s. m. mælti ámóti því, að veittur væri neinn styrkur úr opinberum sjóði til áforms þess, er um er rædt, var beiðendunum gjört kunnugt, að þeim yrði ekki að svo stöddu útvegaður neinn slíkur styrkur.

Nú hefir kirkju- og kennslustjórninni samt sem áður að nýju borizt meðfylgjandi bænarskrá frá hinum sömu mönnum, og hefir forstjóri hins konunglega forngripasafns, konferenzráð Thomsen, ritað skýrslu sína á bænarskrána. Sækja þeir enn á ný um, að þeim verði veittur styrkur til áforms þess, sem um er rædt, og taka þeir einkum fram, að það sé mjög hætt við, að Ísland missi að öllu fornmenjar þær, sem enn eru eftir í landinu, með því að ferðamenn frá útlöndum, sem alltaf eru að fjölga síðan að gufuskipa ferðir komust á milli Íslands og útlanda, á seinni árum hafa keypt og flutt burt með sér fjölda

¹) Sjá 2. bls. að framan.

1865.
4. janúar.

af forngripum, og mætti að þeirra hyggju sporna við þessu, ef til væri í landinu sjálfu opinbert safn, sem hefði nóg fê til þess að kaupa og safna saman fornmenjum þeim, sem enn eru til.

Með því þessu er þannig varið og af ástæðum þeim, sem teknar eru fram í bréfi kirkju- og kennslustjórnarinnar dags. 13. janúarmán. f. á., er getið er hér að framan, verð eg að álíta það mjög æskilegt, ef beiðendunum yrði útvegaður styrkur sá, sem þeir sækja um, þar sem þeir hafa sýnt áhuga sinn á málefni þessu með því að stofna dálítið safn í Reykjavík, sem einstakir menn eru búnir að gefa meir en 150 hluti. Eg álit það því skyldu mína enn á ný að beiðast álits fjárstjórnarinnar um það, hvort hið heiðraða stjórnarráð er því mótmælt, að eg fari þess á leit við ríkisþingið, með því að gjöra breytingaratkvæði við frumvarpið til fjárlaganna fyrir árið 1865—66, að veittir verðir 300 rdl. í þessum tilgangi.

9. janúar.

5. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um borgun úr bæjarsjóði Reykjavíkur fyrir ýms störf í bæjarins þarfir.

Í bréfi dagsettu 4. júlímán. f. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, beiðzt úrskurðar dómsmálastjórnarinnar um:

1. hvort oddviti bæjarfulltrúanna hafi nokkra heimild í tilskipuninni um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík til þess að reikna sêr borgun úr bæjarsjóðnum fyrir að bóka gjörðir bæjarstjórnarinnar og fyrir að semja og hreinskrifa bréf og ályktanir, nema fyrir ritföng, og
2. hvort bæjarfógetinn megi reikna sêr borgun samkvæmt aukatækjureglugjörðinni fyrir uppboð þau, sem hann heldur í þarfir bæjarins, t. a. m. á snjómokstri, vegabótum og öðrum þesskonar störfum.

Eptir að dómsmálastjórninni nú með bréfi yðar dagsettu 26. októbermán. s. á. hafa borizt eptirrit af athugasemdum stiptamtsins um bæjarreikning Reykjavíkur fyrir árið 1861 og af